

Stjórnarfundur 20.september 2017

Mætt voru Sveinn, Vignir, Eysteinn, Jón Bjarni, Magnús og Hallveig sem skráði fundargerð.

1. Rætt um möguleika á nýrri síðu og samþykkt að leita til Stefnu með nýja síðu.

2. Samskiptareglur / viðmið varðandi stóðhestahald – Malin Persson bryddaði upp á þessu á (formannafundi). Sveinn segir að miðað væri við að þetta væri notað sem viðmið en ekki skylda. Eysteinn þetta myndi líka upplýsa hryssueiganda um hvað þeir eru að borga fyrir. Jón Bjarni 90 daga reglan kæmi sér líka vel fyrir hryssueigandann (A-leið). E.L. þetta yrði líka pressa á dýralækna varðandi staðfestingu á fyli. Þessar 3 tillögur ræddar. Sveinn hryssueigandinn verður fyrir meira tjóni ef hryssa fyljast ekki, heldur en stóðhesteigandinn. Þessi viðmið gætu orðið partur af gátlista umsjónarmanna stóðhesta. Gæti einnig orðið aðhald fyrir þá sem taka of margar hryssur í girðingu. Jón Bjarni setja þarf líka viðmið á sæðingarstöðvar og dýralækna sem sinna sæðingum, n.k. siðareglur. Sveinn verið er að vinna að nýjum reglum fyrir sæðingastöðvar (sæðingareglugerð) hjá fagráði og Mast. Þessar leiðir yrðu valkvæðar en engin skylda að fara eftir þeim. E.L. í Svíþjóð var gefinn afsláttur af folatolli fyrir 1verðil hryssur en hér heima sést þetta a.m.k ekki auglýst, Magnús og Sveinn sögðu að þetta væri gert í einstaka tilfellum hér heima. Magnús telur marga stóðhesteigendur sætta sig við þessar 90 daga reglur sem gætu þá verið auglýsing fyrir þá. J.B þetta yrðu vinnuviðmið. E.L. hægt væri að útbúa eyðublað þar sem allir möguleikar væru í boði og hakað við það sem við á. Vignir þetta ætti erindi í Stóðhestabókina sem hugleiðing frá FHB. Jón Bjarni, ekki koma sónarstaðfestingar með reikningi fyrir fyljun en það ætti auðvitað að vera til að tryggja að verið sé að greiða fyrir fyljun. Sveinn eigum við að senda tillögurnar formenn eða setjum beint í fréttabréf. Magnús setja þetta endilega í fréttabréfið, sem og punkta um staðfestingu á fyljun sem ætti að fylgja með reikning frá stóðhestshaldara. Sveinn mikilvægt að staðfesting dýralæknis á sónarskoðun fylgi þegar hryssan er sótt eða þegar reikningur er sendur. Mikill kostnaður fylgir yfirleitt fyrir hryssueigendur í flutningi og tilheyrandi.

3. Heiðursviðurkenning Félags hrossabænda. (sjá texta frá Sveini og fá breytingar frá honum). Breyta orðalagi úr **skal** leita eftir hugmyndum, yfir í **getur** leitað eftir. Samþykkt að taka upp þessa viðurkenningu, og rætt um mögulegan grip. Heiðrun á uppskeruhátíð yrði til að auka á hátíðleikann sem og að rifja upp söguna fyrir yngri kynslóðum. Ákveðið að þetta yrði gripur (steinn) frekar en barmmerki. Heiðursviðurkenning Félags hrossabænda + ártal + móttakandi.

4. Félagsaðildin. Sveinn fór yfir þá möguleika sem ræddir hafa verið. Þvinguð félagsaðild er óheimil og því þarf að fara aðrar leiðir. Ekki var tekið vel í tillögu á aðalfundi um að taka gjald af útfluttum hrossum. Vignir mælir með að árgjaldið verði áfram 6.000 þ.e. lægra gjaldið og að deildirnar taki upp tvískipt kerfi þannig að þeir sem hafa atvinnu af greininni greiðið hærra gjald. Sveinn þessar tillögu miða við að halda sem flestum inni í búgreininni en Fhb er nú næst stærsta búgreinafélagið innan B.Í.

- Tillaga frá Sveini um félagsgjöldin sem verður lögð fyrir aðalfund (bæta inn).

Stjórnarmenn fengu ársreikning félagsins til skoðunar.

5. Dagskrá aðalfundar 27. Október – Aðalfundurinn og hrossaræktarráðstefnan verða haldin hjá hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ.

Fara þarf yfir kjötmálin, Áskell Heiðar kynni undirbúningsvinnu við landsmót, Þorvaldur fari yfir kynbótasýningar ársins, Bjarni Maronsson fari yfir landgræðslumálin.

Stefnt er á að senda út fréttabréf á næstu dögum.

Eysteinn fór yfir undirbúning uppskeruhátíðar.

Sveinn fór yfir stöðu verkefnisins Horses of Iceland. Sveinn fór yfir mál sumarexemsrannsóknna en fundur verður haldinn í byrjun október með rannsóknaraðilum og þá ætti að fást staðan sem og framhaldið í verkefninu þ.e. hvort framleitt verið bóluefni eða hrossin gerð ónæg á e-n annan hátt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.